



Efni:

Ósk um niðurfellingu húsaleigu á Torfnesi og afnot að búnaði.

Nú er komið að Íþróttafélaginu Ívari að halda Íslandsmótið í Boccia 2019 en Ívar hélt mótið síðast árið 2012 með góðum styrk sveitarfélaganna með afnotum af húsnæðum og búnaði þeirra.

Íslandsmótið í Boccia verður haldið á Ísafirði dagana 4. – 7.október 2019. Íþróttafélagið Ívar óskar eftir styk frá Ísafjarðabæ vegna húsaleigu í íþróttahúsinu á Torfnesi mótisdagana 4. – 7.október 2019. Fjöldi iðkenda, þjálfara og fylgdarmanna (rúmlega 300 manns) koma þessi helgi til Ísafjarðar og fá að nota þess sem í boði er keppni, samvera og fallett umhverfi. Íþróttafélagið Ívar er fámennt félag með öflugra liðsheild sem leggur sig fram um að taka vel á móti keppendum og fylgdarliði þeirra, hver fjárstyrkur skiptir íþróttafélaginu máli þegar kemur að svona stórmóti. Punkturinn yfir i-ið á mótshelgi sem þessari er lokahófið sem haldið verður í Íþróttahúsinu Árbæ á sunnudagskvöldinu 6.október, þar þurfum við gólfplötur, svið og hringborð til að undirbúa salinn fyrir herlegheitin og leitum því til Ísafjarðarbæjar að fá þann búnað að láni endurgjaldslaust fyrir lokahófið.

Keppendur og fylgdarlið þeirra fá við komu sína armband sem veitir þeim aðgang að ýmsum fríðindum og þjónustu í nærsamfélaginu, m.a. ís og sund. Félagið fer á leit við Ísafjarðarbæ að taka þátt í armbandinu og bjóða keppendum og fylgdarliði þeirra frían aðgang að sundlaugum sveitarfélagsins á meðan mótinu stendur.

f.h. mótsstjórnar 2019

Viktoría Kr Guðbjartsdóttir

